

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 271/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/145 frá 18. janúar 2023 um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/629/EBE<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun (ESB) 2023/145 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 89/629/EBE <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Texti 5. liðar (tilskipun ráðsins 89/629/EBE) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn fellur brott:

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2023/145, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 21, 23.1.2023, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 363, 13.12.1989, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*